



HÁSKÓLI ÍSLANDS

 Siðfræðistofnun

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8–10,
150 Reykjavík.

Umsögn Siðfræðistofnunar Háskóla Íslands um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940 (þrenging ákvæðis um hatursorðræðu), þingskjal 896, 543. mál, 149 löggjafarþing.

Siðfræðistofnun þakkar tækifæri til þess að gefa álit á frumvarpinu. Með því er lagt til að þrengja gildissvið 233. greinar á almennta hegningarlaga, sem lýtur að svonefndri hatursorðræðu, og setja sem skilyrði fyrir því að slík háttsemi teljist refsiverð að hún sé „*til þess fallin að hvetja til eða kynda undir hatri, ofbeldi eða mismunun.*“ Verði frumvarpið gert að lögum mun greinin í heild hljóða svo:

[Hver sem opinberlega hæðist að, rógber, smánar eða ógnar manni eða hópi manna með ummælum eða annars konar tjáningu, svo sem með myndum eða táknum, vegna þjóðernis, lítarháttar, kynþáttar, trúarbragða, kynhneigðar eða kynvitundar, eða breiðir slíkt út, skal sæta sektum eða fangelsi allt að 2 árum, enda sé háttsemin til þess fallin að hvetja til eða kynda undir hatri, ofbeldi eða mismunun.]

Markmið með þessari breytingu er að auka vernd tjáningarfrelsis hér á landi og er í greinargerð m.a. vísað í ályktun Alþingis (nr. 23/138) frá árinu 2010, um að Ísland skapi sér afgerandi lagalega sérstöðu varðandi vernd tjáningar- og upplýsingafrelsis. Þá er sérstaklega horft til þess að setja og orða viðmið um alvarleika eða grófleika ummæla svo þau megi teljast refsiverð.

Í þessu sambandi er vert að hafa í huga að undanfarin ár hefur þóunin í samanburðarlöndum (Norðurlöndum, Vestur Evrópu og Kanada) verið sú að auka refsivernd jaðarhópa frekar en hitt. Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpinu verður gildissvið 233. gr. a með þessari lagabreytingu, þrengra en gildissvið sambærilegra lagagreina á Norðurlöndunum (og réttarvernd jaðarhópa að sama skapi minni). Engu að síður er óhætt að segja að þessi lönd séu í fararbroddi hvað varðar vernd tjáningarfrelsis.

Lýðræði, réttindi og hagsmunir

Virkt tjáningarfrelsi er nauðsynleg forsenda lýðræðislegrar umræðu og jafnframt má halda fram að það teljist til mikilvægra hagsmuna borgaranna að mega tjá skoðanir sínar og lífsviðhorf opinskátt. Þannig má segja að tjáningarfrelsi verji bæði hagsmuni og réttindi einstaklinga en snúi einnig að mikilvægum samfélagslegum hagsmunum. Það er líka ljóst að virkt tjáningarfrelsi hlýtur að verja rétt til þess að tjá viðhorf sem kunna að vera óþægileg

stjórnvöldum eða tilteknum hópum og jafnvel móðgandi í augum sumra. Það er því rétt að taka undir það sjónarmið að mjög varlega beri að fara í allar takmarkanir á tjáningarfrelsi.

Hins vegar er jafn ljóst að tjáningarfrelsi togast á við önnur gild sjónarmið eða hagsmuni og því er heimilt með lögum að setja því skorður „í þágu allsherjarreglu eða öryggis ríkisins, til verndar heilsu eða siðgæði manna eða vegna réttinda eða mannorðs annarra enda teljist þær nauðsynlegar og samrýmist lýðræðishefðum.“ [sbr. 3. mgr. 73. gr. stjkskr.]

Hvort sem það er meðvitaður ásetningur eða ekki þá sendir hatursorðræða ákveðin skilaboð inn í samfélagið um að tilteknir hópar njóti ekki virðingar, séu óæðri, jafnvel óvelkomnir og verðskuldi ekki jöfn réttindi á við aðra. Þannig grefur slíkt háttarni undan rétti þeirra hópa, sem það beinist gegn, til þess að njóta jafnréttis og mannhelgi. Það er á skjön við grunnildi frjáls, opins og fjölbreytts samfélags. Hún grefur í raun undan ákveðnum samfélagslegum gæðum sem ber að hlúa að og vernda.

Það er rétt að horfa sérstaklega til þess að hatursorðræða er í sjálfri sér til þess fallin að fæla frá þátttöku í opinberri umræðu þá einstaklinga sem líklegir eru til þess að verða skotsþórn slíkrar háttsemi. Rödd þessara hópa í þjóðfélagssumræðunni getur því hæglega hljóðnað enda er ekki sjálfgefið að þeir eigi sér öflugna málsvara. Þannig er hætt við því að viðkvæmir hópar færast enn utar á jaðar samfélagssumræðunnar. Þess vegna snertir hatursorðræða og vernd gagnvart henni ekki eingöngu hagsmuni einstaklinga eða einstakra hópa og rétt þeirra til að njóta borgaralegs jafnréttis, heldur líka fjölbreytni og gæði lýðræðislegrar umræðu.

Alvarleikastig og ásetningur

Sem fyrr segir er tilgangur lagabreytingarinnar m.a. sá að orða það alvarleikastig sem ummæli þurfi að uppfylla til þess að teljast refsiverð. Ekki er gengið svo langt að krefjast þess að um beinan áróður sé að ræða eða að kynt sé undir hatri og mismunun með markvissum hætti. Hins vegar er „markviss eða endurtekin tjáning“ sérstaklega nefnd í greinargerð sem dæmi um tjáningu sem uppfyllir umrædd skilyrði, en „[e]instök og einangruð ummæli myndu hins vegar almennt ekki ná því stigi ein og sér að teljast til þess fallin að kynda undir hatri“, þótt slíkt sé heldur ekki útilokað.

Þá er gerður greinarmunur á alvarleika ummæla eftir þjóðfélagsstöðu þess sem lætur ummælin falla og vettvangi eða samhengi ummæla, „t.d. eftir því hvort [þau eru] sett fram af einstaklingi sem nýtur virðingastöðu í samfélaginu, í stóru viðtali í útbreiddum fjölmiðli, eða hvort um er að ræða almennan borgara sem hefur snöggreiðst og tjáð sig án yfirvegunar í athugasemdakerfi netmiðils.“ Lögð er áhersla á að ásetningur skipti verulegu máli, þ.e. hvort telja verði að [einstaklingur] hafi leitast við að ýta undir hatur, ofbeldi eða mismunun eða hvort tilgangur tjáningar hafi verið annar, t.d. kímni eða að efna til opinberrar þjóðfélagssumræðu. Og áréttað er að einangruð ummæli almennra borgara í athugasemdakerfum myndu almennt ekki ná tilskyldu alvarleikastigi.

Sá greinarmunur sem hér er gerður er vissulega gildur. Sérstök vísun í ummæli á athugasemdakerfum er skiljanleg í ljósi þess að tilefni frumvarpsins er m.a. tilteknir hæstaréttardómar þar sem sakfelld var fyrir slík ummæli. Hins vegar er þessi fyrirvari athyglisverður og jafnvel varhugaverður vegna þess að vettvangur hatursorðræðu færast í síauknum mæli á netið (þar á meðal samfélagsmiðla og athugasemdakerfi fjölmiðla) og segja má að meinsemdin leynist einmitt alveg sérstaklega þar. Þetta er raunar sérstakt vandamál sem vakin er athygli á í ýmsum ályktunum alþjóðasstofnana. Í greinargerðinni er ekki vikið að stefnu stjórnvalda í þessum efnum og eðlilegt er að spyrja hvort frumvarpið ætti ekki að taka


mið af slíkri stefnumótun ef hún er fyrir hendi og að gerð sé grein fyrir því hvernig þeirri tengingu sé háttað.

Í ljósi ofangreinds telur Siðfræðistofnun ekki ástæðu til þess að mæla með því að frumvarpið verði gert að lögum. Stofnunin leggur jafnframt áherslu á að vönduð stefnumótunarvinna fari fram um viðbrögð við hatursáróðri á netinu og að breytingar á löggjöf sem snúa að tjáningarfrelsi eigi sér stað og mótist í því samhengi.

Fyrir hönd Siðfræðistofnunar,

Virðingarfyllst,


Páll Rafnar Þorsteinsson,
verkefnastjóri


Vilhjálmur Árnason,
stjórnarformaður